

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á kirkjujörð.* — **127**
 Samkvæmt tillögum ráðgjafans, eptir að hann hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra **29. júlí**
 landshöfðingi, frá 26. maí þ. á., hefir hans hátign konunginum allramildlegast þóknast í dag
 að fallast á, að hálfenda sú af jörðinni Bálkastöðum í Miðfirði Húnavatnssýslu í norður- og
 austurumdæmi Íslands, er liggur undir Staðarprestakall í Hrútafirði, verði seld Jóhannesi
 bónda Zakaríassyni að jarðakaupum fyrir $\frac{2}{3}$ úr jörðinni Brandagili í Staðarhreppi, þannig
 að hin fyrnefnda jörð verði skoðuð sem bændaeign en hin síðarnefnda sem kirkjujörð.
 Þetta er hjer með tjáð yður herra landshöfðingi til þóknanlegrar leiðbeiningar
 og birtingar.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* **128**
niðurjöfnun fjallskila. — Eptir að hafa meðtekið álit yðar, herra amtmáður, um **29. júlí.**
 fyrirspurn sýslumannsins í Húnavatnssýslu, hvort sýslunefndin sje bær um að fella úr
 gildi eða breyta ákvörðun hreppsnefndar um það, hversu mikil eða hvernig löguð fjallskil
 einhverjum beri að gjöra, þegar slíkt sje kært fyrir sýslunefndinni, vil jeg tjá yður til
 þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigöndum það, er nú segir.

Um það, hvernig fjallskilum skuli niðurjafnað á hina einstöku bændur, er engin
 ákvörðun í sveitastjórnartilskipuninni frá 4. maí 1872, og virðist löggjafinn hafa gengið
 út frá því, að ítarlegar reglur þar um yrðu settar fyrir hvert hjerað í reglugjörðum þeim
 um fjallskil o. fl., er semja skal samkvæmt 39. gr. tjeðrar tilskipunar. Hafi það nú ekki
 verið gjört, virðist ekkert því til fyrirstöðu, að sýslunefndin samkvæmt þessari grein, og
 með því að henni ber almenn umsjón með gjörðum hreppsnefndarinnar (sjá 38. gr. tilsk.
 4. maí 1872) taki til úrskurðar umkvartanir út af fjallskilum, og verður þá meðfram að
 hafa tillit til þess, sem fyrirskipað er í 19. gr. tilsk. 4. maí 1872 eða nú í 1. gr. laga
 9. jan. 1880 um hina almennu niðurjöfnun sveitargjalda. Umkvörtun út af fjallskilum
 verður því fyrst að úrskurðast af hreppsnefndinni í heild sinni og síðan af sýslunefndinni;
 en enginn getur með því að áfrýja úrskurði hreppsnefndarinnar komizt hjá að framkvæma
 í bráð skylduverk það, sem á hann er lagt.

— *Ágrip af brjefi landshöfðingja til Markúsar skipstjóra Bjarnasonar um náms-* **129**
styrk. — Markúsi var veittur 200 kr. styrkur af fje því, sem getur um í 15. grein **21. ágúst.**
 fjárlaganna, til að taka stýrimannsþróf við sjófræðisskóla í Danmörku.

— *Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu* **130**
um námsstyrk. — Samkvæmt tillögum amtmanns var Eggerti Finnssyni frá Meðal- **24. ágúst.**
 fellu í Kjós veittur 200 kr. styrkur af fje því, sem getur um í 9. gr. C. 4. fjárlaganna
 til að nema búfræði á skóla í Noregi.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um laun setts embættis-* **131**
manns. — Í þóknanlegu brjefi frá 24. júní síðast liðnum hafið þjer, herra landshöfð- **26. ágústi.**
 ingi, skýrt frá því, að yfirskoðunarmennirnir hafi fundið það að landsreikningnum 1878,
 að fyrverandi sýslumanni í Árnassýslu Þ. Jónssyni, er lausn fjökk frá embætti sínu 6.

LEIÐRJETTING. Bls. 72 l. 32. að ofan: „almennum mannfundi“ les almennum mannfundi
 undir berum himni.

Hinn 14. október 1880.